

Umsögn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um landlækni og lýðheilsu og lögum um réttindi sjúklinga (refsiábyrgð heilbrigðisstofnana og rannsókn alvarlegra atvika). 986. mál

Athugasemdir SFV við frumvarpið

Skipulag starfsemi heilbrigðisþjónustu

Í 1. mgr. 1.gr. kemur fram að “Stofnunum og rekstraraðilum sem veita heilbrigðisþjónustu ber að skipuleggja starfsemi sína þannig að heilbrigðisstarfsmenn geti staðið við sínar lögbundnu skyldur.” Það ákvæði er svo útskýrt í greinargerð á þann hátt að það hafi í för með sér að “veitendum heilbrigðisþjónustu er skylt að sjá til þess að starfsemi þeirra sé mönnum á fullnægjandi hátt með starfsfólki sem hefur nauðsynlega fagþekkingu, tækjabúnaður sé viðunandi miðað við starfsemi”.

Hér benda SFV á að samhliða slíkri lagaskyldu þá þurfi stjórnvöld og fjárveitingarvaldið og tryggja að nægt fjármagn sé til staðar svo hægt sé að uppfylla kröfu um fagþekkingu, tækjabúnað og fleira. Í dag er það t.d. þannig á hjúkrunarheimilum landsins að þau eru langt frá því að uppfylla viðmið Embættis landlæknis um mönnun, fagmönun og umönnunarklukkustundur. Eins og fram kom í skýrslu verkefnisstjórnar um rekstrarkostnað hjúkrunarheimila (Gylfa-nefndin) er það vegna þess að ekki er veitt nægu fjármagni til reksturs hjúkrunarheimila.

Þessari grein þarf því að fylgja umfjöllun um hlutverk ríkisins til að veita nægu fjármagni til rekstraraðila heilbrigðisþjónustu, svo mögulegt sé að uppfylla þessa skyldu. SFV hvetja virðingarfyllst Velferðarnefnd til að fjalla um þetta í álitinu á frumvarpinu.

Innra eftirlit heilbrigðisstofnana

Í 1. gr. frumvarpsdraganna kemur eftirfarandi fram: “Stofnanir og rekstraraðilar sem veita heilbrigðisþjónustu skulu hafa virkt innra eftirlit með starfsemi sinni og þeirri þjónustu sem þeir veita.” Nú eru hjúkrunarheimilin þegar með öflug gæðakerfi og innra eftirlit (og ytra) til staðar, eins og fjallað er t.d. um í þjónustusamningum hjúkrunarheimila. Þannig óska SFV eftir að skýrt verði hvort hér sé ætlunin að gera breytingar á því fyrirkomulagi eða viðbætur við það. Ef um viðbætur er að ræða þá þarf að skoða fjármögnun v. aukinnar mönnunar hjúkrunarheimila og annarra velferðarfyrirtækja, svo mögulegt verði að standa undir auknum verkefnum.

Refsiábyrgð heilbrigðisstofnana

Í 2.gr. frumvarpsins kemur fram að:

“Gera má heilbrigðisstofnun, hvort sem er opinberri eða einkarekinni, eða öðrum rekstraraðila sem ber ábyrgð á veitingu heilbrigðisþjónustu sekt fyrir brot gegn almennum hegningarlögum

óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekinn fyrirsvarsmann rekstraraðilans, starfsmann hans eða annan aðila sem starfar á hans vegum”

Þá kemur fram í greinargerð frumvarpsins að: “Með öðrum orðum er gerð tillaga um að ekki þurfi að sýna fram á að brot sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum hafi verið framið af ásetningi eða gáleysi tiltekins einstaklings er starfar á vegum heilbrigðisstofnunar”.

SFV eru ekki almennt mótfallin því að fjallað verði í lögum um refsíabyrgð heilbrigðisstofnana, en mat samtakanna er að í frumvarpinu sé of langt gengið í að innleiða refsíabyrgð, án þess því fylgi kröfur um að hægt að einu sinni sýna fram á að refsivert atferli hafi átt sér stað. Að mati samtakanna þarf að endurskoða þennan texta, svo skýrt sé að refsíabyrgð eigi við ef sannað er að innan stofnunarinnar hafi átt sér stað refsivert athæfi.

Alvarleg atvik

Í 3. gr. eru alvarleg atvik skilgreind sem: „óvænt atvik í heilbrigðisþjónustu sem valdið hefur eða hefði getað valdið sjúklingi alvarlegu tjóni, svo sem dauða eða varanlegum örkuðum“. Hér þarf að mati SFV að skýra mun betur hvers konar atvik átt er við. Það er alls ekki ljóst hvað við er átt, þegar tekin eru inn í skilgreininguna öll þau atvik sem *hefðu getað valdið* sjúklingi alvarlegu tjóni.

Að síðustu þá þakka SFV fyrir tækifærið til að veita málinu umsögn .

Auk ofangreindrar umfjöllunar er vísað til og tekið undir umsögn Hrafnistu um málið.

F.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu
Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri